

Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri Templarasundi 5
150 REYKJAVÍK



Reykjavík, mánudagur, 2. júní 2025
Tilvísun: 2024110036/07

Efni: Viðbrögð Barna- og fjölskyldustofu við skýrslu umboðsmanns Alþingis í kjölfar OPCAT- eftirlist á neyðarvistun Stuðla að Flatarhrauni

Barna- og fjölskyldustofa vísar til fyrri samskipta við skrifstofu umboðsmanns Alþingis í kjölfar skýrslu vegna heimsóknar starfsmanna embættisins á neyðarvistun Stuðla að Flatarhrauni. Umrædd skýrsla er úttekt embættisins á grundvelli OPCAT-eftirlits. Skýrslan var gefin út þann 10. mars sl. og þann sama dag óskaði umboðsmaður eftir því að vera upplýstur um viðbrögð neyðarvistunar Stuðla og Barna- og fjölskyldustofu við þeim ábendingum og tilmælum sem settar eru fram í skýrslunni og þær aðgerðir sem talið hafi verið tilefni til að ráðast í vegna skýrslunnar. Óskað var eftir því að svörin bærust skrifstofu umboðsmanns eigi síðar en 15. maí 2025. Barna- og fjölskyldustofa sendi tölvupóst þann 7. maí s.á. og óskaði eftir fresti til svara og var hann veittur til 29. maí 2025. Þann 27. maí sl. sendi Barna- og fjölskyldustofa annan tölvupóst og óskaði eftir viku frest til viðbótar og var hann veittur til 5. júní 2025.

Hér að neðan er gerð grein fyrir viðbrögðum Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistunar Stuðla við tilmælum og ábendingum frá umboðsmanni Alþingis sem er að finna í OPCAT-skýrslu embættisins, dags. 10. mars sl.

Telur Barna- og fjölskyldustofa rétt að byrja á því að koma því á framfæri að stofnunin er meðvituð um að Flatahraun hafi ekki verið æskilegt húsnæði fyrir neyðarvistun barna. Þegar hluti húsnæðis að Stuðlum í Fossaleyni varð ónothæft án nokkurs fyrirvara er þó ljóst að mikil neyð skapaðist og því þurfti að grípa til ráðstafana. Gera þarf miklar öryggiskröfur til húsnæðis neyðarvistunar barna með það fyrir augum að börnin geti ekki valdið sér eða öðrum skaða. Ljóst er að skortur er á húsnæði sem uppfyllir þessar öryggiskröfur og var það niðurstaðan að ekki

væri um annað húsnæði að velja. Frá upphafi var ljóst að aðeins var um tímabundna lausn að ræða til að mæta því neyðarástandi sem var uppi. Úrræðið var opið frá 1. nóvember 2024 til 17. apríl 2025 og var það opnað í miklum flýti sem skýrir að nokkru leyti hvers vegna húsnæðið uppfyllti ekki kröfur að öllu leyti og harnar stofan það. Ekki var öðrum úrræðum til að dreifa sem uppfylltu þær öryggiskröfur sem gerðar eru og því ljóst að ef úrræðið hefði ekki verið rekið að Flatahrauni hefði þjónusta neyðarvistunar legið niðri með tilheyrandi tjóni fyrir samfélagið.

Kafli 5. Aðbúnaður og umhverfi.

Bls. 24.

Er þeim tilmælum beint til neyðarvistunar Stuðla og Barna- og fjölskyldustofu að:

1. Grípa til allra tækra ráða til að milda öryggisbraginn sem einkennir aðstöðu neyðarvistunar Stuðla á Flatahrauni og beita sér fyrir að umhverfið uppfylli kröfur um barnvænan aðbúnað.

Svar: Barna – og fjölskyldustofa tekur undir að mikilvægt hafi verið að gera aðbúnað barnvænni og draga úr öryggisbrag. Í þessu samhengi vill stofan koma því á framfæri að í ljósi þess neyðarástands sem uppi var í tengslum við opnun neyðarvistunar í Flatahrauni var megin áhersla lögð á öryggi og friðhelgi skjólstæðinga. Það að gera aðstöðuna barnvænni var því ekki í forgangi, sem er miður. Í tilraun til að gera aðstöðuna barnvænni höfðu skjólstæðingar aðgang að sjónvörpum þar sem hægt var að horfa á streymisveitu Netflix og voru jafnframt keyptar Playstation tölvur sem skjólstæðingar höfðu afnot af. Að öðru leyti var ekki hugað nægjanlega að því að gera aðbúnað barnvænan í ljósi þess hversu hratt þurfti að opna úrræðið sem Barna- og fjölskyldustofa harnar.

2. Sjá til þess að börn sem vistuð eru í aðstöðu neyðarvistunar Stuðla að Flatahrauni geti fylgst með hvað tímanum líður og gæta að því að klukkan séu ávallt réttar.

Svar: Vegna þess hraða sem einkenndi opnun úrræðisins fórst það því miður fyrir að koma upp klukkum þannig að skjólstæðingar gætu fylgst með tímanum. Skjólstæðingar höfðu þó aðgang

að sjónvörpum þar sem hægt var að sjá hvað tímanum leið og gátu þeir einnig leitað til starfsfólks sem upplýstu þá um það.

3. Leita sérstaklega leiða til þess að gera umhverfið í þeim klefum sem nýttir eru sem setustofur vistlegra og hlýlegra

Svar: Vegna þess neyðarástands sem hafði skapast eftir brunann að Stuðlum í Fossaleyni var áherslan fyrst og fremst á að finna húsnæði sem gæti tryggt öryggi skjólstæðinga á meðan að neyðarástandið varði. Var því miður ekki hugað nægjanlega að því að gera rýmin hlýleg og banvæn en var þó leitast við að gera það eftir fremsta megni miðað við aðstæður. Í því samhengi má nefna að rými voru máluð og settar plastsetur á salerni (skjólstæðingar rifu hins vegar seturnar af með reglulegu millibili). Einnig var komið fyrir sjónvörpum í setustofum skjólstæðinga. Þá óskuðu skjólstæðingar í einhverjum tilvikum eftir lesefni og var orðið við því.

4. Bæta merkingar í úrræðinu svo þeim sem þangað koma sé ljóst að um sé að ræða aðstöðu neyðarvistunar Stuðla en ekki fangageymslu lögreglu

Svar: Sjónrænar merkingar um að Flatahraun væri hluti af neyðarvistun Stuðla voru ekki til staðar og tekur Barna- og fjölskyldustofa undir að það er ekki ásættanlegt. En allir skjólstæðingar fengu þó munnlegar upplýsingar og útskýringar á fyrirkomulagi úrræðisins auk þess var þeim afhentur upplýsingarbæklingur sem er merktur neyðarvistun Stuðla með greinilegum hætti á framhlið.

Kaflí 6. Frelsisvipting, þvingun og inngrip í friðhelgi einkalífs.

Bls. 27.

Umboðsmaður áréttar tilmæli úr fyrri skýrslum um að beiting þvingana gagnvart börnum á neyðarvistun þurfi að eiga sér skýra lagastoð. Telji neyðarvistun Stuðla og Barna- og fjölskyldustofa þörf á sérstökum heimildum til að láta börn á heimilum og stofnunum á vegum

ríkisins sæta þvingunum, s.s. á borð við einangrun og líkamsleit, er þeim tilmælum beint til þessara aðila að koma ábendingum þar að lútandi á framfæri við hlutaðeigandi ráðherra.

Svar: Barna- og fjölskyldustofa tekur undir að brýn þörf er á að tryggja lagastoðina undir beitingu þvingana gagnvart börnum á neyðarvistun. Í því ljósi sendi Barna- og fjölskyldustofa, dags. 5. mars sl., mennta- og barnamálaráðuneytinu drög að reglugerð á grundvelli 2. mgr. 82. gr. barnaverndarlaga um réttindi barna og beitingu þvingunar. Efni reglugerðarinnar var unnið upp úr flokkun á íþyngjandi ákvörðunum sem teknar eru gagnvart börnum í úrræðum Barna- og fjölskyldustofu sem geta ýmist verið þvingun eða inngrip í friðhelgi barnsins. Við gerð draganna var tekið mið af þeim athugasemdum og kröfum sem hafa verið settar fram í skýrslum umboðsmanns Alþingis á grundvelli OPCAT eftirlitsins, bæði nýjustu skýrslunni og þeirri sem kom út 2018.

Bls. 28.

Með vísan til íþyngjandi eðlis vistunar barna á Flatahrauni er þeim tilmælum beint til neyðarvistunar Stuðla, í samráði við barnaverndarþjónustur sveitarfélaga, lögreglu og Barna- og fjölskyldustofu, að takmarka vistanir á Flatahrauni þannig að það verði notað í algjörrri neyð og í mjög skamman tíma og að reynt sé eftir fremsta megni að nýta önnur og minna íþyngjandi úrræði.

Svar: Þann 31. október sl. sendi Barna- og fjölskyldustofa tölvupóst á allar barnaverndarþjónustur landsins þar sem kom fram að einungis skuli vista börn að Flatahrauni sé það nauðsynlegt og skuli vistunin vara eins skammt og unnt er. Þau viðmið sem fram komu í framangreindum tölvupósti vegna vistunar að Flatahrauni voru eftirfarandi:

- Barn undir verulegum áhrifum vímuefna (sem hefur þó verið metið hæft til vistunar utan heilbrigðisstofnunar).
- Barn sem veitir verulegt viðnám við afskiptum lögreglu
- Barn sem sett er í gæsluvarðhald
- Barn sem á þekkta sögu um alvarlegt ofbeldi út í samfélaginu.

- Barn sem er þekkt fyrir að beita starfsmenn og/eða börn ofbeldi á Stuðlum

Var það áréttað að þetta mat væri í höndum barnaverndarþjónustu, lögreglu og starfsmanna á vakt á Stuðlum. Þá kom það fram í tölvupóstinum að hámarks vistunartími á neyðarvistun á Flatahrauni væri 7 dagar, þrátt fyrir að lögin geri ráð fyrir allt að 14 dögum, sbr. reglugerð um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, nr. 271/1995. Var lögð sérstök áhersla á að vistun í Flatahrauni skyldi vara eins stutt og kostur væri og að starfsmenn Stuðla skyldu meta hvenær óhætt væri að flytja barn á Fossaleyni eða útskrifa barn heim af Flatahrauni.

Bls. 29-30.

Er þeim tilmælum beint til neyðarvistunar Stuðla að fram fari einstaklingsbundið mat á nauðsyn takmarkana á samskiptum barnanna sem þar vistast við aðstandendur. Þá verði lögð sérstök áhersla á aukin samskipti starfsfólks við börnin, einkum ef þau vistast þar einsömul og/eða í lengri tíma.

Svar: Skjólstæðingar höfðu greiðan aðgang að síma og gátu haft samband við aðstandendur og barnaverndarfulltrúa sína. Barnaverndarfulltrúar komu og hittu skjólstæðinga á Flatahrauni en ekki þótti viðeigandi að aðstandendur kæmu í heimsókn vegna aðstæðna þar, bæði vegna annarra skjólstæðinga og skorts á heimsóknarrýmum. Var því talið að aðstæður biðu ekki uppá heimsóknir almennt og fór því ekki fram einstaklingsbundið mat vegna heimsókna aðstandenda í Flatahraun. Barna- og fjölskyldustofa er meðvituð um nauðsyn þess að fram fari einstaklingsbundið mat vegna takmarkana á samskiptum skjólstæðinga við aðstandendur og um réttindi barns til umgengni skv. 81. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en í 1. mgr. er umgengni skilgreind sem samvera og önnur samskipti. Harnar Barna- og fjölskyldustofa að aðstæður að Flatahrauni hafi aftrað því að samvera í formi heimsókna væri gerleg en áréttar að skjólstæðingar höfðu greiðan aðgang að síma og gátu því hringt í aðstandendur. Aðstandendur gátu jafnframt komið með það sem skjólstæðingar óskuðu eftir eða vantaði (lyf, sælgæti og slíkt) en afhentu þá starfsmönnum þá hluti sem sáu um að koma því til skjólstæðinga.

Starfsmenn voru alltaf skammt undan og litu reglulega inn til skjólstæðinga og gátu skjólstæðingar alltaf náð sambandi við starfsmenn ef á þurfti að halda eða til að spjalla. Í þeim

tilfellum sem skjólstæðingar óskuðu eftir að dvelja áfram í Flatarhrauni í stað þess að flytjast á neyðarvistun í Fossaleyni var hurð frá vistunargangi að starfsmannarými að jafnaði opin til að auðvelda aðgengi að starfsfólki.

Bls. 31.

Þá er þeim tilmælum beint til neyðarvistunar Stuðla og Barna- og fjölskyldustofu að taka til skoðunar hvort vistun barns á Flatahrauni, einkum þegar það er vistað einsamalt eða aðskilið frá öðrum, kunni að fela í sér annaðhvort einangrun eða aðskilnað og beri t.d. að skrá í samræmi við verklag stofunnar um skráningu þvingunarúrræða. Þá er þeim tilmælum komið á framfæri að hafa í huga að einangrun barns eða aðskilnaði sé ekki beitt nema:

- Skilyrði fyrir beitingu þessara þvingunarúrræða séu fyrir hendi
- Brýn nauðsyn sé til þess, s.s. vegna öryggis barns eða annarra barna
- Önnur vægari úrræði komi ekki til greina
- Þess sé ávallt gætt að ráðstafanir standi ekki lengur en þörf er á og
- Beiting inngripanna fari fram undir eftirliti hæfs starfsmanns

Svar: Í engu tilviki var tekin sérstök ákvörðun um að skjólstæðingar Flatarhrauns skyldu vistaðir einsamlir eða aðskildir frá öðrum. Það komu hins vegar upp tímabil þar sem skjólstæðingur var einsamall á Flatahrauni þar sem að þar voru engir aðrir skjólstæðingar í vistun. Aðstæður leiddu því til þess að skjólstæðingur var einsamall án þess að ákvörðun um slíkt væri tekin. Líkt og að framan greinir þá var hins vegar ávallt lögð mikil áhersla á að vistun skjólstæðinga á Flatarhrauni væri sem styst en þó er nauðsynlegt er að taka fram að í sumum tilvikum óskuðu skjólstæðingar sjálfir eftir því að fá að vera lengur á Flatarhrauni fremur en að flytjast í húsnæði Stuðla að Fossaleyni.

Bls. 34-35.

Þeim tilmælum er beint til neyðarvistunar Stuðla og Barna- og fjölskyldustofu vegna þeirra barna sem vistast að Flatahrauni:

-Að vista börn ekki í klefa þar sem myndvöktun er viðhöfð nema brýn nauðsyn beri til. Liður í því er að meta hvort beita megi vægara úrræði en myndvöktun, eftir atvikum reglubundnu innliti eða viðveru starfsfólks.

- Að koma fyrir merkingum um myndvöktun á vöktuðum svæðum neyðarvistunar

- Að tilkynna börnum sem vistast þar með sannanlegum hætti um myndvöktun í tilteknum rýmum neyðarvistunar og veita þeim viðeigandi upplýsingar á skýru og einföldu máli.

Svar: Barna- og fjölskyldustofa hefur gert verklagsreglur um rafræna myndvöktun sem unnið hefur verið eftir, dags. 19. desember sl., og eru þær í viðhengi.

Kafli 7. Upplýsingagjöf, aðild og réttindagæsla.

Bls. 37.

Umboðsmaður ítrekar tilmæli úr fyrri skýrslum að tryggja að börnum sem vistast á neyðarvistun Stuðla, þar með talið þeim börnum sem vistast á Flatahrauni, sé afhent skriflegt kynningarefni um réttindi þeirra, eftir atvikum samhliða munnlegri kynningu, á máli sem hæfir þroska þeirra og stöðu.

Svar: Skjólstæðingar fengu afhentan upplýsingabækling um Neyðarvistun Stuðla, hann er þó aðlagður að starfsemi neyðarvistunar en ekki að Flatahrauni. Ekki gafst ráðrúm til að útbúa sérstakan bækling vegna Flatarhrauns og þykir Barna- og fjölskyldustofu það miður. Starfsmenn sáu hins vegar um að útskýra efni bæklingins munnlega og tóku þær útskýringar mið af aðstæðum að Flatarhrauni og voru aðlagðar að vistuninni þar.

Barna – og fjölskyldustofa veitir fúslega nánari upplýsingar sé þess óskað.

Unnur Agnes Jónsdóttir
f.h. Barna- og fjölskyldustofu



Unnur Agnes Jónsdóttir